

Í ÞESSU FRÉTTABRÉFI:

INNRI ENDURSKOÐUNAR- DAGURINN OG AFMÆLISHÁTÍÐ FIE	1
FRÆÐSLUSTARF FIE	1
AFMÆLISÁVARP FORMANNS FIE	2
HAUSTRÁÐSTEFNA FIE	2
SAGA FÉLAGSINS	3
KYNNING Á FÉLAGSMANNI	5
DAGSKRÁ INNRI ENDURSKOÐUNARDAGSINS	6

AFMÆLISHÁTÍÐ FÉLAGS UM INNRI ENDURSKOÐUN

Ágæti lesandi.

Nú líður að 10 ára afmæli Félags um innri endurskoðun en afmælishátíðin verður haldin að loknum innri endurskoðunardeginum **þann 15. mars næstkomandi á Hótel Natura**.

Dagskráin verður stutt en fjörug þar sem öllu verður tjaldað til á met tíma í mat, drykk og skemmtun. Ragnheiður Gröndal og hljómsveit töfra fram ljúfa tóna, Björn

Bragi kitlar hláturtaugar gesta og síðast en ekki síst verður félagsmaður heiðraður fyrir framlag sitt til félagsins sl. 10 ár.

Dagskrá innri endurskoðunardagsins má finna á baksíðu fréttabréfsins. Við hvetjum alla félagsmenn og aðra ráðstefnugesti til að fagna þessum tíma-mótum í sögu félagsins.

Í tilefni afmælisins er hluti fréttabréfsins helgaður þessum áfanga. Í blaðinu má

meðal annars finna afmælisávarp formanns FIE og umfjöllun um sögu félagsins.

Með afmælikveðju.

Afmælisnefnd FIE



FRÆÐSLUSTARF FIE

GÆÐAMAT

Fyrsti morgunverðarfundur vetrarins var haldinn 1. nóvember sl. Á fundinum var fjallað um gæðamat innri endurskoðunardeilda. Í fyrri hluta fundarins fjallaði Guðmundur I. Bergþórsson innri endurskoðandi Orkuveitu Reykjavíkur um gæðamat sem deildin hans fór í gegnum til að fá viðurkenningu á því að deildin starfaði samkvæmt stöðlum IIA en deildin er sú fyrsta hér á landi til að fara í gegnum slíkt gæðamat.

Í framhaldi af umfjöllun Guðmundar sagði Sif

Einarsdóttir yfirmaður áhættuþjónustu Deloitte frá úttektinni en Deloitte sá um framkvæmd gæðamatsins.

MÁLSTOFA Í KJÖLFAR HAUSTRÁÐSTEFNU

Í desember sl. stóð fræðslunefnd FIE fyrir málstofu í framhaldi af haustráðstefnu félagsins um stjórnun sviksemis- og misferlisáhættu. Góðar umræður spunnust á fundinum og stendur vilji félagsmanna til þess að halda áfram að gera þessu málefni góð skil á vettvangi félagsins.

MORGUNVERÐAR- FUNDIR FRAMUNDAN

Af óviðráðanlegum orsökum hefur ekki reynst unnt að halda morgunverðarfund á þessu ári en það það stendur til bóta og er ætlunin að halda morgunverðarfundum í apríl og maí. Í byrjun apríl stendur til að fjalla um samstarf innri og ytri endurskoðenda og samskipti við endurskoðunarnefndir.

Fundurinn verður nánar auglýstur síðar.

AFMÆLISÁVARP FORMANNS FIE

Þann 12. febrúar 2003 var haldinn stofnfundur Félags um innri endurskoðun og nú árið 2013 er komið að 10 ára afmæli félagsins. Í tilefni þess samþykkti stjórn félagsins að skipa sérstaka afmælisnefnd er tæki að sér skipulagningu afmælisdagskrár er næði yfir afmælisárið. Afmælisnefndin ætlar að hefja afmælisdagskrána á innri endurskoðunardeginum, þann 15. mars nk. með móttöku, skemmtun og léttum veitingum. Framundan er svo útgáfa afmælisblaðs í samvinnu við fræðslunefnd og von er á fleiri viðburðum í tengslum við afmælisárið. Margt hefur áunnist á þessum tíu starfsárum félagsins. Starfsemi félagsins hefur farið ört vaxandi og eru nú starfandi fyrir utan stjórn þrjár fastanefndir; fræðslunefnd, alþjóðanefnd og siðanefnd. Reglulegir viðburðir eins og innri endurskoðunardagur-

inn, haustráðstefna og morgunverðarfundir eru einnig orðnir fastir liðir í starfsemi félagsins og ávallt vel sóttir. Félagsmenn eru um 100 talsins og sérstakar þakkir eru færðar til þess stóra hóps félagsmanna sem mætir vel og reglulega á viðburði félagsins. Frá þeim tíma sem félagið var stofnað árið 2003 hefur starfsumhverfi innri endurskoðunar tekið þó nokkrum breytingum. Félagið hefur lagt sig fram við að byggja upp tengsl við atvinnulífið, ráðuneyti og stofnanir sem hafa með málefni innri endurskoðunar að gera. Einnig er félagið aðili að alþjóðasamtökum innri endurskoðenda (IIA), Evrópusamtökum (ECIA) auk þátttöku í undirbúningshópi um stofnun norræns samstarfs. Félagsmenn hafa í auknum mæli tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi og ráðstefnum á vegum alþjóðlegs



Anna Margrét Jóhannesdóttir, formaður FIE

tengslanets félagsins. Þegar við lítum yfir farinn veg erum við stolt af okkar störfum undanfarin tíu ár en jafnframt horfum við fram á við og erum tilbúin til að takast á við það framtíðarverkefni að byggja áfram upp faggrein innri endurskoðunar á Íslandi.

Félagsmenn – til hamingju með afmælið!

Anna Margrét Jóhannesdóttir, formaður Félags um innri endurskoðun

„Félagið hefur lagt sig fram við að byggja upp tengsl við atvinnulífið, ráðuneyti og stofnanir sem hafa með málefni innri endurskoðunar að gera“

HAUSTRÁÐSTEFNA FIE

Haustráðstefna FIE fór fram daganna 4. og 5. október sl. á Grand Hótel Reykjavík. Eins og fram kom í síðasta fréttabréfi var fyrirlesari Nigel Iyer og umfjöllunar efnið stjórnun sviksemis- og misferlisáhættu. Þátttaka á ráðstefnunni var vonum framfar og voru þátttakendur alls 45 talsins.

Í tengslum við haustráðstefnuna stóð félagið fyrir morgunverðarfundum undir yfirskriftinni „Hjálpæði stjórnenda í svikum heim“. Þar fjallaði Nigel Iyer um sviksemi og misferli innan fyrirtækja. Fundurinn var sérstaklega ætlaður stjórnarmönnum, endurskoðunarnefndum og lykilstjórnendum fyrirtækja. Var með þessu verið að leitast

við að kynna Félag um innri endurskoðun og starfsemi þess fyrir víðari hóp. Þátttakendur á morgunverðarfundinum voru um 50 talsins og tóku því alls um 100 manns þátt í viðburðum í tengslum við haustráðstefnu FIE. Fræðslunefnd vill koma á framfæri þökkum til allra þátttakenda með von um að þeir hafi haft gagn og gaman að.

„og tóku því alls um 100 manns þátt í viðburðum í tengslum við haustráðstefnu FIE“

SAGA FÉLAGS UM INNRI ENDURSKOÐUN

Árið er 2002. Síminn hringir á rúmgóðri skrifstofu með glugga sem snýr út að Pósthússtræti. Innri endurskoðandi hrekkur upp af síðdegisblundinum og sullar niður kaffi, óvanur því að einhver hringi að fyrra bragði. Svitapollar í handakrikum og skítug gleraugun hanga rammskökk á nefbroddinum. Um leið og hann teygir sig með semingi í símtólið þurrkar hann með skyrtuerminni mesta kaffið af frumritum mikilvægra viðskiptasamninga sem hann var að bera saman við ljósrít til að tryggja að efnisinnihaldið væri hið sama.

Hljómar eins og sena í gamanþætti í sjónvarpi? Enda allt í plati. Þótt leikmynd og búningar hafi verið færð í stílinn var símtalið sem slíkt raunverulegt.

Í símanum var Sveinbjörn Valgeir Egilsson hjá Flugleiðum hf., sem velti upp spurningunni hvort hugsanlega væri hægt að auka tengsl þeirra sem ynnu við innri endurskoðun á Íslandi. Menn lögðu hausinn í bleyti og töldu til örfáa einstaklinga sem hægt væri að ímynda sér að hefðu áhuga. Bankar höfðu um áratugaskeið rekið stórar endurskoðunardeildir, sem höfðu lengi framan af sinnt verkefnum sem í raun fólu í sér ábyrgð og framkvæmd á ýmsu innra eftirliti. Þegar hér var komið sögu hafði starfsemin þó próast talsvert í áttina að því sem við í dag teljum til verkefna innri endurskoðunar. Auk bankanna höfðu eitt og eitt fyrirtæki komið sér upp starfsmanni eða lítilli einingu sem ýmist voru kallaðar innri endurskoðun eða innra eftirlit. Fljótlega var blásið til fundar í húsnæði Flugleiða á

Reykjavíkurlugvelli. Saman voru komnir nokkrir aðilar sem sammæltust um að skipa undirbúningsnefnd að félagsstofnun. Umræðan um nafn félagsins leiddist inn á öngstræti íslenskrar lagasetningar, sem kvað á um einkarétt löggitra endurskoðenda til að nota starfsheitið „endurskoðandi“ í einhverju samhengi. Það var ekki fyrir en síðar sem gerð var undanþága frá þessu ákvæði um að þeir sem starfa við innri endurskoðun megi kalla sig innri endurskoðendur.



Stofnfundur Félags um innri endurskoðun var haldinn á Hótel Loftleiðum þann 12. febrúar 2003 og var félagið skráð í fyrirtækjaskrá þann 27. febrúar sama ár. Stofnfélagar voru 57 talsins. Ákveðið var að félagið yrði samstarfsvettvangur þeirra sem störfuðu við innri



Ágúst Hrafnkelsson
formaður alþjóðanefndar

endurskoðun í fyrirtækjum og stofnunum. Markmið félagsins er að efla innbyrðis tengsl og kynningu þeirra sem starfa við fagið, vera vettvangur til að styrkja fagleg vinnubrögð, styrkja þróun innri endurskoðunar og faglega umræðu jafnframt því að vera leiðandi rödd stéttarinnar út á við.

Samhliða stofnun félagsins var hafist handa við að öðlast aðild af alþjóðasamtökum innri endurskoðenda, The Institute of Internal Auditors Inc.



The Institute of Internal Auditors

Alþjóðanefnd var meðal þeirra nefnda sem stofnaðar voru og var meginverkefni nefndarinnar í upphafi að annast umsóknarferlið. Félagið var síðan formlega samþykkt af IIA, sem aðildarfélag til reynslu („Chapter in formation“) þann 28. júní 2003. Með því hófst tveggja ára reynslutími

„Stofnfundur félags um innri endurskoðun var haldinn á Hótel Loftleiðum þann 12. febrúar 2003“

„Samhliða stofnun félagsins var hafist handa við að öðlast aðild af alþjóðasamtökum innri endurskoðenda, The Institute of Internal Auditors Inc.“

SAGA FÉLAGS UM INNRI ENDURSKOÐUN-FRAMHALD

Þar sem félagið þurfti að sýna fram á vöxt og tiltekna starfsemi til að geta talist fullgilt aðildarfélag. Tæplega tveimur árum eftir að félagið var samþykkt sem aðildarfélag til reynslu kom hingað til lands sérlegur sendiherra alþjóðasamtakanna, Archie R. Thomas. Í skýrslu til alþjóðanefndar IIA í kjölfar heimsóknar sinnar sagði Archie meðal annars: „*The Iceland Chapter has made significant strides in its first two years of operation. Strong leadership, good recognition in the business community, excellent membership growth, and enthusiastic commitment of members will continue to advance the profession in Iceland and the place of the*

Chapter in the Global internal audit community.“ Félag um innri endurskoðun hlaut formlegt samþykki sem fullgilt aðildarfélag (sem á þeim tíma kallaðist „Chapter Option Chapter“, en er nú kallað „IIA Institute“) þann 16. júlí 2005. Síðan félagið var stofnað hefur starfsemi þess vaxið og dafnað og það hefur skapað sér grundvöll sem málsvari fyrir innri endurskoðun sem faggrein. Bæði löggjafarvaldið og eftirlitsaðilar leita í auknum mæli eftir umsögnum félagsins um hugmyndir að laga- og reglugerðarbreytingum. Nefndarstarf hefur þróast en í upphafi voru starfræktar fræðslunefnd og ritnefnd

auk alþjóðanefndar. Fræðslunefnd og ritnefnd voru síðar sameinaðar og síðanefnd sett á laggirnar. Nýjasta nefndin er síðan afmælisnefnd, sem líklegt er að verði endurvakin með hæfilegu millibili í framtíðinni. Of langt mál yrði í þessu stutta yfirliti að telja upp þá sem setið hafa í stjórn félagsins og nefndum eða stuðlað að uppbyggingu þess og þróun með öðrum hætti. Félagið hefur náð að skapa sér ákveðinn sess í alþjóðlegu samstarfi innri endurskoðenda, jafnvel þótt félagsmenn á Íslandi telji aðeins 0,6 prómill af 180 þúsund félagsmönnum sem skráðir eru í alþjóðasamtök innri endurskoðenda.

„Síðan félagið var stofnað hefur starfsemi þess vaxið og dafnað og það hefur skapað sér grundvöll sem málsvari fyrir innri endurskoðun sem faggrein.“

Árið er 2013. Mikilvægi innri endurskoðunar í eftirlitskerfum fyrirtækja hefur vaxið og faggreinin hefur skapað sér sérstöðu. Innri endurskoðun er mikilvægur þáttur í eftirliti stjórnar með starfseminni. Það er ekki síst að þakka ötulu starfi Félags um innri endurskoðun síðastliðin 10 ár.

Innilega til hamingju með 10 ára afmælið!



KYNNING Á FÉLAGSMANNI VIÐAR KÁRASON SÉRFRÆÐINGUR Í INNRI ENDURSKOÐUN ÍSLANDBANKA

Að þessu sinni kynnum við Viðar Kárasón. Hann hóf störf í Innri endurskoðun hjá Íslandsbanka haustið 2010. Viðar gekk í félag um innri endurskoðun árið 2010 þegar hann hóf störf í innri endurskoðun Íslandsbanka. Viðar hefur verið virkur í starfi FIE frá haustinu 2012 og situr bæði í fræðslu- og afmælisnefnd félagsins. Starfið í innri endurskoðun vakti strax mikinn áhuga hjá Viðari og hóf hann haustið 2011 nám til undirbúnings fyrir faggildingarpróf í innri endurskoðun (CIA) og lauk því vorið 2012. Til að hita upp fyrir (CIA) námið tók hann ACI Operation Certificate frá (e. ACI – The Financial Markets Association) vorið 2011. Viðar er mjög ánægður með hve mikið metnaður hefur vaxið innan innri endurskoðunar á síðustu misserum en sífellt er að koma betur í ljós hve mikilvægur hlekkur innri endurskoðun er í rekstri fyrirtækja og fjármálastofnana.

Bakgrunnur Viðars er úr fjármálageiranum en hann hóf störf hjá Sparisjóði Hafnarfjarðar (SPH) árið 2000 sem sérfræðingur á Reikningshalds og fjármálasviði og síðar sem viðskiptastjóri á Fyrirtækjasviði. Þar kynntist hann flestum hliðum bankarekstrar og var m.a. tengiliður SPH við bandarísk

skattayfirvöld („IRS“) ásamt fleiri verkefnum. Starfið hjá SPH veitti honum því víðtæka og góða reynslu. Þar vann hann í sex ár en fluttist þá til Danmerkur ásamt fjölskyldu sinni og stundaði nám við Copenhagen Business School (CBS). Tók hann þar hluta af M.Sc. námi sínu og hóf síðan störf hjá Glitni banka í Kaupmannahöfn sem sérfræðingur á Sjávarútvegssviði og skrifaði M.Sc. ritgerðina samhliða störfum sínum þar. Ritgerðin fjallaði um samruna og



yfirtökur fyrirtækja.

Hjá Glitni banka í Kaupmannahöfn vann Viðar við greiningar á fyrirtækjum í Evrópu og víðar og var m.a. að leita að ákjósanlegum fyrirtækjum fyrir viðskiptavini bankans til kaups eða sameiningar og eins líklegum kaupendum fyrir viðskiptavini þeirra. Eins kom hann umtalsvert að uppbyggingu Sjávarútvegssviðsins og markaðssetningu bankans í Danmörku, Þýskalandi, Hollandi, Svíþjóð og Póllandi með heimsóknum í fyrirtæki o.fl. Þá kom hann talsvert að skipulagningu og

framkvæmd á sjávarútvegsráðstefnum sem Glitnir banki hélt í samstarfi við fleiri aðila í Álaborg, Danmörku árið 2007 og í Bremen, Þýskalandi árið 2008. Eftir að Glitnir banki lokaði starfsstöðvum sínum í Kaupmannahöfn hóf Viðar að kynna og markaðssetja breskar vörur sem hann var þá kominn með umboð fyrir í Danmörku og var í samskiptum við allar stærstu verslunardejur í Danmörku. Viðar hefur einnig komið að heildsölurekstri á Íslandi undanfarin ár bæði sem meðeigandi og einn af stofnendum og um tíma sá hann um fjármálastjórn, innkaup, samskipti við erlenda birgja og sölu- og markaðssetningu o.fl. Eftir að Viðar fluttist til Íslands haustið 2008 var hann meðstofnandi að Account Bókhaldi og Rekstrarráðgjöf slf. Á meðal verkefna sem félagið sá um voru uppgjör, gerð ársreikninga, rekstrarráðgjöf, fyrirtækjaráðgjöf, framtalsaðstoð o.fl.

Viðar á fjögur börn með Láru Gró B. Sigurðardóttur. Áhugamál Viðars fyrir utan að verja tíma með fjölskyldunni eru af margvíslegum toga og má þar m.a. nefna gítarspilum, ferðalög og júdó en Viðar hefur verið að þjálfva júdó.



Foreldrar:

Kári Jakobsson og
Elín Sæunn
Ingimundardóttir

Maki:

Lára Gró B. Sigurðardóttir

Börn:

Elín Ólöf 8 ára,
Nökkvi Viðar 6 ára,
Sandra Marín 5 ára,
Elísa Freyja 1 árs.

Menntun:

BSc, Fjármál,
reikningshald og
framléiðsla frá HÍ árið
2000

Löggilding í
verðbréfamíðlun árið
2001

MSc í Fjármálum
fyrirtækja með
áherslu á
alþjóðaviðskipti og
samruna og yfirtökur
fyrirtækja frá HÍ og
CBS árið 2008

ACI Operation
Certificate 2011
CIA árið 2012.

Heimasíða félagsins er:

www.fie.is



Ábyrgðarmaður:

Albert Ólafsson

Netfang: fie@fie.is

Fræðslunefnd FIE

Sigríður Guðmundsdóttir, formaður

Björn Snær Atlason

Viðar Kárasón

Félag um innri endurskoðun er samstarfsvettvangur þeirra sem starfa við innri endurskoðun í fyrirtækjum og stofnunum.

Markmið félagsins er að efla innbyrðis tengsl og kynningu þeirra sem starfa við fagið, vera vettvangur til að styrkja fagleg vinnubrögð, styrkja þróun innri endurskoðunar og faglega umræðu jafnframt því að vera leiðandi rödd stéttarinnar út á við.

Félagið er aðili að The Institute of Internal Auditors Inc. - (www.theiia.org) auk þess sem það tekur þátt í evrópsku og norrænu samstarfi á sínu sviði.

**F R A M P R Ó U N
M E Þ
S A M S T A R F I
(P R O G R E S S
T H R O U G H
S H A R I N G)**

Stjórn FIE:



formaður:
Anna Margrét
Jóhannesdóttir



varaformaður:
Albert Ólafsson



gjaldkeri:
Sif Einarsdóttir



ritari:
Auðbjörg
Friðgeirsdóttir



meðstjórnandi:
Nanna Huld Aradóttir

INNRI ENDURSKOÐUNARDAGURINN 2013

Staðsetning - Reykjavík Natura (Hótel Loftleiðir)

Föstudaginn 15. mars 2013 kl. 13:00–16:30

Ráðstefnustjóri: Unnur Gunnarsdóttir forstjóri Fjármálaeftirlitsins

12:30–13:00	Skráning og afhending gagna
13:00–13:10	Ráðstefnan sett <i>Anna Margrét Jóhannesdóttir, formaður Félags um innri endurskoðun</i>
13:10–13:30	Kröfur um áhættustýringu <i>Gunnar Baldvinsson, formaður Landssamtaka lífeyrissjóða og framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins</i>
13:30–13:50	Áhættustýring og innra eftirlit <i>Guðbjörg Anna Guðmundsdóttir, forstöðumaður Efnahags- og markaðsáættu Íslandsbanka</i>
13:50–14:10	Áhættumiðuð endurskoðunaráætlun Ríkisendurskoðunar <i>Sveinn Arason, ríkisendurskoðandi, Ríkisendurskoðun</i>
14:10–14:40	Kaffi
14:40–15:20	Internal Audit at the Riksbank : Where is the risk? <i>Patrick Bailey, innri endurskoðandi Seðlabanka Svíþjóðar.</i>
15:20–15:40	Stjórnir og áhættustýring – Sjónarhóll stjórnarformanns <i>Bryndís Hlökkversdóttir – stjórnarformaður Landsvirkjunar og rektor háskólans á Bifröst</i>
15:40–16:00	Stjórnun og eftirlit fyrirtækja og stofnana <i>Þorsteinn Pálsson, blaðamaður</i>
16:00–16:20	Umræður
16:20- 16:30	„Tungutak staðla“ <i>Ágúst Hrafnkelsson, formaður alþjóðanefndar FIE og stjórnarmaður í alþjóðasamtökum innri endurskoðenda</i>
16:30	Ráðstefnuslit
16:30–19:00	10 ára afmælisfagnaður FIE — Drykkir og léttar veitingar í boði félagsins

Ráðstefnugjald:
Námsmat:

Kr. 15.500

Ráðstefnan gefur fjórar endurmenntunareiningar hjá FIE, IIA og FLE.

Ráðstefnan er opin félagsmönnum FIE, FLE og öðrum þeim sem áhuga hafa.

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku til fie@fie.is ekki síðar en kl. 16:00 þann 13. mars nk.